

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/1335
komudagur 28.3.2014



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Skrifstofa Alþings, nefndasvið
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Ísafjörður, 24. mars 2014
2014030046

Efni: Umsögn Ísafjarðarbæjar um 340., 344. og 352. mál

Á 834. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 24. mars 2014, voru lagðar fram eftirfarandi tillögur til þingsályktunar, sem sendar voru Ísafjarðarbæ til umsagnar með tölvupósti dags. 20. mars 2014:

- a) Tillaga til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál.
- b) Tillaga til þingsályktunar um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið, 344. mál.
- c) Tillaga til þingsályktunar um formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins og þjóðaratkvæðagreiðslu um viðræðurnar, 352. mál.

Á fundi bæjarráðs var bærarstjóra falið að senda nefndasviði Alþingis bókun bærarstjórnar frá 341. fundi bærarstjórnar vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið, sem umsögn Ísafjarðarbæjar við framangreindum tillögum.

Bókun bærarstjórnar frá 341. fundi er svo hljóðandi:

„Bærarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á Alþingi að tryggja aðkomu þjóðarinnar áður en ákvörðun um slit aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið verður tekin. Aðkoma hennar að þessu máli er bæði sjálfsgöð og nauðsynleg og með þeirri málsmeðferð mun ríkisstjórnin sýna að hún hefur vilja til að hlusta á þjóðina og leiða þetta mikilvæga mál til lykta þannig að sátt megi verða í samfélaginu.“

Af framangreindri bókun er ljóst að bærarstjórn Ísafjarðarbæjar er á móti öllum framangreindum tillögum að þingsályktun.

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir
bærarritari